

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Félags atvinnurekenda**  
**og**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands og FA og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

**2. gr.**

**Meginmarkmið**

Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019 til 2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

**Gildistími**

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

**Almenn launahækkun**

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

**Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

**Kjaratengdir liðir**

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

**Hagvaxtarauki 2023**

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

373.34  
AKC

### 3. gr.

#### Breyting á lágmarksorlofi

2. málsgrein greinar 5.1. í aðalkjarasamningi orðist svo:

Lágmarksorlof eru 25 vinnudagar miðað við fullt ársstarf og orlofslaun sem nema 10,64%.

### 4. gr

#### Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga miðvikudaginn 28. desember 2022.

Reykjavík, 15. desember 2022

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands  
atvinnurekenda

Benóný Harðarson  
Georgíall Skutnarson

F.h. Félags

Anna K. Þórhildur  
J. H. Jónsson

#### Bókun um tollamál

Aðilar sammælast um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla í þágu neytenda. Lækkun tolla er ein skilvirkasta leiðin til að bæta hag launþega. Að mati samningsaðila væri góð byrjun að afnema tolla sem vernda enga hefðbundna innlenda landbúnaðarframleiðslu.

SB BN  
OK JPH

## Kauptaxtar á samningstímabilinu

### Rafiðnaðarmaður að loknu tveggja ára fagnámi og getur umnið sjálfstætt

1.11.2022

Grunnlaun 452.810

### Rafiðnaðarmaður með viðurkennd starfsréttindi en uppfyllir ekki skilyrði um sveinspróf skv. íslenskum reglum eða að loknu þriggja ára starfsnámi

1.11.2022

Byrjunarlaun 482.630

Eftir 1 ár 487.456

### Rafiðnaðarmaður með sveinspróf

1.11.2022

Byrjunarlaun 536.256

Eftir 1 ár 541.619

Eftir 3 ár 547.035

### Rafiðnaðarmaður með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaraaréttindi eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi

1.11.2022

Grunnlaun 558.399

### Rafiðnfræðingur

1.11.2022

Byrjunarlaun 578.889

Eftir 1 ár 584.678

Eftir 3 ár 590.525

### Iðmemmar

#### Sex mánaða starfsþjálfunarnemar í rafiðnaði

1.11.2022

Fyrstu 3 mánuðina 390.922

Næstu 3 mánuði 403.721

#### Níu mánaða starfsþjálfunarnemar í rafiðnaði

1.11.2022

Fyrstu 3 mánuðina 378.718

Næstu 3 mánuði 390.922

Eftir 6 mánuði 403.721

#### Iðmemmar á námssamningi. Laun fyrir uminn tíma.

1.11.2022

2. ár 369.965

3. ár 381.159

4. ár 392.354

BSR  
9/5

APL  
AK